

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd



<b>Dags eftirlits</b>	11.11.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpstöð Rangárvallasýslu	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Heimili</b>	Suðurlandsvegi 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	6008932469	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ágúst Ingi Ólafsson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ómar Sigurðsson	<b>Staðsetning</b>	690508,452 590016,913

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö eldri frávik eru í farvegi og hefur úrbótaáætlun vegna þeirra verið samþykkt. Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst við eftirlit og ein athugasemd var gerð.

### UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

#### 1. Útafstandandi frá síðasta eftirliti

- Geymslusvæði fyrir bílhræ og olíufyllt tæki / móttökustöð fyrir úrgang / deiliskipulag
- Geymsla brennanlegs úrgangs að hámarki 500 rúmmetrar – kurlun á haugnum

#### 2. Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi

- Áætlun um frágang svæðisins við lokun urðunarstaðarins.
- Mælingar á hæð grunnvatns á tveimur stöðum- tvisvar á ári.
- Mælingar á samsetningu grunnvatns á tveimur stöðum - einu sinni á ári (fyrir 1. okt)
- Jarðgerðaráform

#### 3. Skiladagar í starfsleyfi

- Umhverfismarkmið sbr. grein 2.1 skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. ágúst 2016
- Niðurstöður skráninga sbr. gr. 5.1 og 5.4 skal senda á Umhverfisstofnun fyrir 1. maí ár hvert.
- Upplýsingar um magn og gerð úrgangs, sbr. gr. 4.1 og 5.4, fyrir 1. maí ár hvert.
- Upplýsingar um losun mengandi efna sbr. grein 5.5 og sbr. útstreymisbókhald reglugerð nr. 990/2008

#### 4. Skoðun á urðunarstaðnum, myndir teknar og kvittun fyrir eftirliti afhent.

Komum tveir í eftirlit, Sverrir Aðalsteinn Jónsson og undirritaður og var sest yfir dagskrá með Ágústi Inga Ólafssyni og Ómari Sigurðssyni

Tvö frávik frá síðasta eftirliti eru í réttum farvegi. Framkvæmdir við olíuhelt undirlag fyrir bíla og tæki er í smíðum ásamt með nýrri aðstöðu fyrir móttöku og flokkun úrgangs. Í eftirfylgni var veittur frestur til 1. júlí 2017 til þess að ljúka framkvæmdum. Breyta þarf deiliskipulagi vegna framkvæmdanna.

Varðandi trjá og timburhauginn, þá var síðastliðið sumar hafist handa við kurlun á timbrinu en vegna bilana í tækjabúnaði og annara þátta þá hefur verið tafist. Umhverfisstofnun hefur veitt frest til 1. október 2017 til þess minnka hauginn niður fyrir tilskylda 500 rúmmetra.

Með nýju starfsleyfi er ekki lengur krafist áhættumats og viðbragðsáætlunar vegna bráðamengunar og áætlun um frágang vegna lokunar urðunarstaðarins þarf að liggja fyrir 2 árum áður en starfsemi lýkur.

Umhverfismarkmið sorpstöðvarinnar hafa verið send eftirlitsaðila. Engin áform um jarðgerð eru í bígerð í bráð.

Gerð er krafa um að grunnvatnshæð sé mæld tvisvar á ári fyrir 1. maí og aftur fyrir 1. október en efnasamsetning vatns einu sinni fyrir 1. október ár hvert. Enn hafa niðurstöður mælinga vegna 2016 ekki borist stofnuninni. Aðrar mælingar s.s. á hauggasi og sigvatni koma ekki til framkvæmda fyrr en urðun sláturúrgangs (lífníðurbriótanlegs úrgangs) hefst enda segir í þriðja kafla starfsleyfisins að ekki sé gerð krafa um eftirlit með hauggasi og að ekki sé gerð krafa um söfnun sigvatns í þeim hluta urðunarstaðarins þar sem aðeins er urðaður óvirkur úrgangur. Ekki hefur verið tekið við sláturúrgangi né dýrahæjum til urðunar á yfirstandandi ári.

Þrenn árleg gagnaskil eru tilgreind í starfsleyfinu, 1) Skil til Umhverfisstofnunar um magn og gerð úrgangs fyrir 1. maí ár hvert fyrir almannaksárið á undan. 2) Skil til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna sbr. útstreymisbókhald fyrir 1. maí ár hvert fyrir almannaksárið á undan. 3) Skil til eftirlitsaðila um samantekt á niðurstöðum skráninga sbr. grein 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir almannaksárið á undan og heimilt er að vísa í ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

Samantekt á niðurstöðum skráninga hafa ekki borist stofnuninni né eru þær að finna í ársskýrslu Sorpstöðvar Rángárvallasýslu bs. Því telst það frávík frá ákvæði 5.4 í starfsleyfi. Útstreymisbókhald rekstraraðila barst 2. ágúst sl. en skilafrestur var 1. maí sl. Þar sem skýrsla um útstreymisbókhald hefur borist verður þetta ekki skráð sem frávík en minnt á skilafrestinn.

Farið var í skoðun á urðunarstaðnum. Urðunarreinar og næsta nágrenni litu vel út og ekki varð vart við vargfugl né meindýr. Ekki varð vart við fjúkandi rusl. Nokkuð hefur áunnist við að fjarlægja bílhræ og málma af svæðinu og vinnsla þeirra flutt til á svæðinu. Skoðaður var timburhaugurinn og vinnuaðstaðan við kurlun á timbrinu. Enn var móttaka og flokkun úrgangs í útjaðri svæðisins á malarundirlagi en mun færast miðsvæðis og á malbikað svæði þegar framkvæmdum við móttökustöðina lýkur. Nýlegt vinnslu- og geymsluhús var skoðað og var umgengni þar góð.

#### Frávík frá

ákvæði í grein 5.4 um skil á niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar

#### Lýsing á frávíki

Rekstraraðili skal skila til Umhverfisstofnunar (afrit á Heilbrigðisnefnd Suðurlands) niðurstöðum skráninga sbr. grein 5.1 fyrir 1. maí ár hvert. Heimilt er að setja upplýsingar um skráningar í ársskýrslu og vísa til þeirra þar.

#### ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við sein skil á útstreymisbókhaldi en skilafrestur er til 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhaldið barst Umhverfisstofnun 2. ágúst sl.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 08.12.2016



Gottskálk Friðgeirsson